

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081000112/ksj

Álver Alcoa á Bakka við Húsavík í Norðurþingi. -Ársframleiðslugeta allt að 346.000 tonn-. Tillaga að matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun álvers Alcoa á Bakka samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin

Alcoa hyggst reisa og reka 250.000 til 346.000 tonna álver á Bakka við Húsavík í sveitarfélaginu Norðurþingi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun álvers Alcoa að Bakka við Húsavík.

Hreinsun útblásturs

Í tillögunni kemur fram að í frummatsskýrslu verði skoðaðar mismunandi lausnir til að standast kröfur um loftgæði og að skoðaðar verði lausnir með og án vothreinsibúnaðar. Við vothreinsun á útblæstri munu PAH-efni fara út með affallsvatninu og hugsanlega safnast upp í seti. Umhverfisstofnun telur því að bera þurfi saman uppsöfnun PAH-efna í umhverfinu háð hreinsunaraðferð og hvernig hægt er að minnka þau áhrif í seti ef vothreinsun er notuð. Einnig telur stofnunin að sýna eigi fram á hvaða áhrif mismunandi lofthreinsunarkostir hafi á stærð þynningarsvæðis fyrir verksmiðjuna og hvort vothreinsun kalli á þynningarsvæði í sjó.

Starfsleyfi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að stefnt sé að því að unnið verði að starfsleyfi álversins í samráði við Umhverfisstofnun samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að vinna við undirbúning á starfsleyfi álversins á sama tíma og unnið er að matsskýrslu er háð samþykki Skipulagsstofnunar sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fallist Skipulagsstofnun á það verklag bendir Umhverfisstofnun framkvæmdaraðila á að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemina, svo unnt sé að hefja vinnu við starfsleyfisgerðina. Skilyrði fyrir umsókn um starfsleyfi koma fram í 10. gr. sömu reglugerðar.

Framkvæmdatími

Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram í frummatsskýrslu hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til vegna mögulegrar svifryksmengunar á framkvæmdatíma.

Frárennsli

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að kerbrot verði flutt úr landi til endurvinnslu og því verða engar kerbrotagryfjur á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir til hvaða áðgerða verði gripið ef sú ráðstöfun myndi bregðast. Samsvarandi umfjöllun ætti einnig að vera um álgjall í frummatsskýrslunni.

Samfélagsleg áhrif - útivist

Fram kemur í tillögunni að fjallað verði um áhrif á útivist í nágrenni álversins í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á umsögn sína um drög að matsáætlun þar sem fram kom að stofnunin telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á útivist og almannarétt þ.e. aðgengi meðfram ströndinni . Einnig ætti að fjalla um hugsanleg áhrif á göngu- og reiðleiðir en samkvæmt aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005 – 2025 liggur reiðleið meðfram afmörkuðu iðnaðarsvæði á Bakka.

Náttúruvá og bráðamengun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð iðnaðarlóð er á svæði sem er þekkt fyrir jarðskjálftavirkni. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram mat á hvaða mengun gæti orðið ef til jarðskjálfta kæmi, ásamt umfjöllun um mótvægisáðgerðir.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að löndunarbúnaði vegna álverksmiðju fylgir mikil hávaðamengun þurfi að meta hvort að næturró verði tryggð í þeim íbúðarhverfum Húsavíkur er næst liggja höfninni. Fyrirætlanir um rannsóknir á hljóðvist með gerð líkana og framsetning útreikninga virðast í fullu samræmi við fyrri ábendingar Umhverfisstofnunar. Um leið bendir stofnunin á fyrri umsögn um að ef nauðsynlegt er að sprengja eða fleyga klöpp við efnisvinnslu á lóð Alcoa þá þurfi að fjalla um titring vegna slíkra framkvæmda.


Landnotkun og skipulag

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að koma fram rökstudd umfjöllun um valkosti á veglagningu milli hafnar og iðnaðarlóðar. Skoða þurfi hvort mögulegt sé að vegurinn verði að einhverju leyti lagður með Norðausturvegi, í þeim tilgangi að hlífa strandsvæðinu og styðja þannig við útivist og lágmarka neikvæð sjónræn áhrif.

Sjónræn áhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að sjónræn áhrif álvers og hafnar verði metin frá helstu stöðum þaðan sem mun sjást til álversins, og að fjallað verði um hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa. Umhverfisstofnun telur að meta þurfi einnig sjónræn áhrif vegar milli álvers og Húsavíkurhafnar þar sem hann verður áberandi frá þjóðveginum og mun hafa áhrif á ásýnd til sjávar.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri

HRV engineering

